

Stækkun Íþróttamiðstöðvar GKG

Verkefnisstjórnarfundur 3 haldinn í Íþróttamiðstöð GKG 15.06.2020

Mættir: Eysteinn Haraldsson, Garðabæ og Agnar Már Jónsson GKG.

Dagskrár fundarins:

1. Almennt um verkið
2. Staða verkefnis og verkáætlun
3. Önnur mál

1. Almennt um verkið.

Verktakinn hefur ekki verið á tánum varðandi verkið. Eftir að GG Verk fékk Framheimilið hefur það bitnað á okkar verki. Það hafa jafnframt verið mannabreytingar í stjórnun. Þeir eru núna að girða sig í brók.

2. Staða verkefnis og verkáætlun.

Fleigun á klöpp fór 130% fram úr áætlun en aðrir liðir eru undir. Jarðvinna er 2 – 3 milljónum yfir áætlun, en sökklar og botnplata eru undir áætlun sem þessu nemur og teljum við verkið vera á pari. Tvö aukaverk hafa verið samþykkt, en þau lúta að lögnum í geymslu og salerni og frárennsli frá húsinu að upphæð kr. 800 þúsund. Búið er að gera upp burðarvirkið og var það örlítið undir magnáætlun. Á móti koma nokkur aukaverk sem jafna það út.

Í heild sinni er verkið 6 vikur á eftir áætlun

Í heild sinni er verkið á áætlun kostnaðarlega sérð

3. Fjárhagsáætlun og greiðsluflæði.

Engin teljanleg frávik eru á verkinu eins og sjá má í neðangreindri töflu.

Áætlun/raun viðbygging GKG (15 júní 2020)

Verkliður	Staða/greitt		Hlutfall af heildarverki	Eftirstöðvar	Frávik
	Áætlun	15.06.2020			
Æfingasvæði	65.000.000	64.395.000	100%	0	605.000
Verkfræðikostnaður Mannvit	13.000.000	12.369.591	92%	1.040.000	-409.591
Teikningar og umsjón ASK	9.000.000	8.100.486	90%	900.000	-486
Viðbygging GG Verk	266.715.748	125.698.933	47%	141.359.346	-342.531
Frágangur innanhúss og fl. GKG	39.500.000	5.377.335	14%	34.167.500	-44.835
Færsla á púttflöt	7.500.000			7.500.000	0
Opinber gjöld	3.000.000	767.658	27%	2.190.000	42.342
Byggingastjórn	10.800.000	5.952.000	47%	5.724.000	-876.000
Vextir til banka vegna lána	24.495.000			24.495.000	0
Samtals	439.010.748	222.661.003	50,7%	217.375.846	-1.026.101

Fundinn ritaði AMJ.